

Ársskýrsla alþjóðafulltrúa 2009-2010

Ekki er hægt að segja að veturinn 2009-10 hafi verið mjög líflegur í FSu þegar alþjóðleg samskipti eru skoðuð. Þrátt fyrir frekar rólegan vetur var ýmislegt skoðað þar á meðal Comeniusarverkefni með Alsfeld fólkinu sem ekki fór í gegn. Að auki vocatiolannámskeið sem fór í gegn en ekki fékkst styrkur. Greinilegt er að efnahagslegt samdráttarskeið Evrópu hefur áhrif á erlend samskipti í FSu.

Þann 10. maí 2009 komu 34 þjóðverjar frá Alsfeldskólanum. Leiðsögn næstu daga var í höndum Hannesar og Inga. Farið var víða um Suðurland og þekktir ferðamannastaðir heimsóttir. Þar á meðal Gullfoss, Geysir, Jökulsárlón og fleiri staðir. Þann 16. maí flugu 34 þreyttir en ánægðir Þjóðverjar heim.

Engar erlendar heimsóknir voru í skólann veturinn 2009-2010.

Þriðjudaginn 14. janúar tók alþjóðafulltrúi FSu þátt í námskeiði hjá Landsskrifstofu Menntaáætlunar ESB. Alþjóðafulltrúi mætti í setur Sigurðar Sigursveinssonar fyrrverandi skólameistara. Þar var boðið upp á aðgengi að námskeiðinu í gegnum fjarfundabúnað.

Námskeiðið var í gerð Leonardoumsókna í mannaskipta og samskiptaverkefnum ESB.

Námskeiðið tókst vel og móttökur og aðstæður hinar bestu hjá Sigurði.

Letter of invitation var eitt sent út á árinu. Dr. Michael James Novak frá Meredith College í Durham ætlar að heimsækja skólann á næsta sumri hann hefur einkum áhuga á sögukennslu og sauðkindum.

Almennt um ýmsa möguleika starfsmanna, meðal annars má nefna:

- a. E-Twinning er algjörlega vannýttur möguleiki í skólastarfi FSu. Megininntak eTwinning er að stuðla að þægilegu rafrænu samstarfi á framhaldsskólastigi. Boðið er endurgjaldslaust upp á stuðning, rafræn verkfæri og þjónustu. Markmiðið er að skólar geti stofnað til samstarfs á sem einfaldastan hátt. E-Twinning byggir sem mest á frumkvæði kennaranna sjálfra. E-Twinning hentar öllum greinum. Rétt er að minna á að frír aðgangur er að veftækjum þannig að úr verði rafræn kennslustofa, Twinspace.
- b. Comenius er hið risavaxna Evrópuproject sem stuðlar að Evrópuvitund í skólastarfi og menntun. Veittir eru styrkir til fjölmargra verkefna. Hér í skóla hafa þetta einkum verið samskiptaverkefni nemenda og kennara og hafa fjölmargar

ferðir verið farnar á undanförunum árum. Félags- og náttúrufræði hafa einkum fengist við Comeníusarverkefni.

- c. Nordplus er samskiptaverkefni sem styður verkefni í Skandinavíu og á Eystrasaltssvæðinu.
- d. Leonardo er einkum fyrir endurmenntun fullorðinna og gæti gagnast kennurum vel.

Alþjóðafulltrúi þakkar fyrir sig,

Lárus Bragason.